

Efnisyfirlit

Tillögur til 31. aðalfundar	2
Félag smábátæigenda á Austurlandi	2
Hrollaugur	3
Árborg	3
Reykjanes.....	4
Báran	5
Reykjavík	5
Snæfell.....	5
Krókur.....	6
Elding.....	7
Strandir	8
Skalli	9
Klettur	10
Fontur.....	12
Tilnefningar um grásleppunefndarmenn 2015 - 2016.....	14

Tillögur til 31. aðalfundar

Landssambands smábátæigenda

Sjávarútvegsnefnd

Félag smábátæigenda á Austurlandi

*Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi,
haldinn 26. september 2015, samþykkti eftirfarandi:*

Strandveiðar

1. Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi krefst þess að afli til strandveiða verði aukinn verulega þannig að hægt verði að róa 4 daga í viku 4 mánuði á ári með 4 rúllum.
2. Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi vill að hægt verði að segja sig frá strandveiðum hvenær sem er strandveiðitímabilsins og fái bátar þá veiðileyfi sitt aftur.
3. Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi vill að til framtíðar verði stefnt að strandveiðum í sex mánuði í stað fjögurra.

Makrill

4. Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi hafnar alfarið kvótasetningu á makríl til krókaveiða.

Og minnir fundurinn á kröfu LS um 16% til krókaveiða. Kvótasetning hefur stórskaðað krókaveiðar á makríl, ekki er of seint að snúa af þessari leið.

Byggðakvóti og línuívilnun

5. Aðalfundurinn Félags smábátæigenda á Austurlandi ítrekar fyrri ályktanir sínar um byggðakvóta og línuívilnun þ.e. byggðakvóti sem ívilnun við löndun fyrir dagróðrabáta og línuívilnun verði aukin og nái eingöngu til dagróðrabáta og hvetur fundurinn forystu LS til að vinna áfram á sömu braut.

Grásleppa

6. Kári Borgar Ásgrímsson er tilnefndur sem fulltrúi félagsins í grásleppunefnd.

Hrollaugur

Aðalfundur Hrollaugs, félags smábátæigenda á Hornafirði, haldinn 27. september 2015, samþykkti eftirfarandi:

7. Aðalfundur Hrollaugs er sáttur með kvótasetningu makríls. Hún hefði tappað af þrýstingi sem myndast hefði í kerfinu vegna kapps á að ávinna sér sem mesta veiðireynslu.

Hrollaugur hefur hins vegar áhyggjur af stöðu þeirra sem nýbyrjaðir voru á makrílveiðum og skorar á sjávarútvegsráðherra að endurvekjja sóknarkerfi á makríl nú þegar. Það er mat Hrollaugs að slíkt kerfi geti vel þrífist við hlið aflmamámarkskerfisins. Miðað við ónýttar veiðiheimildir í ár væri nægt svigrúm til að búa til góðan aflapott fyrir þá sem ekki hefðu náð aflareynslu fyrir viðunandi kvóta.

Árborg

Aðalfundur Árborgar, félags smábátæigenda á Suðurlandi, haldinn 15. september 2015, samþykkti eftirfarandi:

8. Árborg hvetur aðalfund LS til að mótmæla af öllum mætti kvótasetningu á makríl veiddan á handfæri, enda langt frá því að komin sé viðunandi veiðireynsla á því sviði, eðlilegt er að veiðarnar fái að þróast í nokkur ár og potturinn til handfærabáta verði 18% af makrílveiðinni ár hvert.

9. Árborg leggur til að svæðaskipting á grásleppuveiðum verði afnumin.
10. Árborg hvetur aðalfund LS til þess að beina kröftum sínum varðandi strandveiðar fyrst og fremst í þá átt að festa þær í sessi til framtíðar fremur en að berjast fyrir róttækum breytingum á kerfinu.
11. Árborg leggur til að langa og keila verði sett í línuívilnun.

Reykjanes

*Aðalfundur Reykjanness, félags smábátæigenda á Reykjanesi,
haldinn 3. október 2015, samþykkti eftirfarandi:*

12. Aðalfundur Reykjanness skorar á stjórnvöld að heimila 4 daga val í hverri viku strandveiða.
13. Aðalfundur Reykjanness skorar á LS að fylgja fast eftir sanngjörnum tillögum félagsins um að 16% heildaraflans í makríl verði veiddur af smábátum. Fundurinn krefst þess makrílveiðum smábáta verði stjórnað með sóknartengdu veiðikerfi.
14. Aðalfundur Reykjanness styður heilshugar hugmyndir LS að byggðakvóti verði nýttur af dagróðrabátum með ívilnun við löndun.
15. Haukur Einarsson er tilnefndur sem fulltrúi félagsins í grásleppunefnd.

Báran

Aðalfundur Bárunnar, félags smábátæigenda í Hafnarfirði, Garðabæ og Álftanesi, haldinn 12. september 2015, samþykkti eftirfarandi:

16. Aðalfundur Bárunnar hvetur LS til að beita sér fyrir aflakvóta fyrir nýliða þar sem miðað verði við 25 ára og yngri.

Reykjavík

Aðalfundur Smábátafélags Reykjavíkur, haldinn 14. september 2015, samþykkti eftirfarandi:

17. Aðalfundur Smábátafélags Reykjavíkur telur að gefa skuli makrílveiðar á smábátum frjálsar.
18. Guðmundur Jónsson Hafnarfirði er tilnefndur sem fulltrúi félagsins í grásleppunefnd.

Snæfell

Aðalfundur Snæfells, félags smábátæigenda á Snæfellsnesi, haldinn 13. september 2015, samþykkti eftirfarandi:

19. Aðalfundur Snæfells vill leyfa löndun á hvítlúðu sem meðafla enda sé ekki um beina sókn að ræða.
20. Aðalfundur Snæfells telur að bátar fái ekki úthlutað byggðakvóta, hafi þeir leigt meiri aflaheimildir frá sér en til sín, fiskveiðiárið á undan.

21. Aðalfundur Snæfells vill að þau 400 tonn sem koma til aukningar á strandveiðum á nk. sumri (2016), komi í stærstum hluta á svæði A. Þar sem fæstir sóknardagar hafa verið frá upphafi strandveiða.
22. Aðalfundur Snæfells skorar á stjórnvöld að strandveiðipottur verði aukinn sem samsvarandi aukningu hjá öðrum kvótahöfum.
23. Aðalfundur Snæfells hvetur LS til að halda áfram baráttunni fyrir strandveiðum með þeim tillögum sem strandveiðinefnd LS lagði til á sínum tíma sem „Strandveiðar til framtíðar“.

Krókur

Aðalfundur Strandveiðifélagsins Króks, félags smábátæigenda í Barðastrandarsýslu, haldinn 19. september 2015, samþykkti eftirfarandi:

24. Strandveiðifélagið KRÓKUR vill að heildaraflaviðmiðun hvers svæðis fari eftir því hversu margir bátar hafa sótt um.
25. Strandveiðifélagið KRÓKUR skorar á sveitarstjórnir að taka undir kröfu Landssambands smábátæigenda um breytingar á reglum um strandveiðar þannig að tryggt verði að veiðar á einstökum strandveiðisvæðum stöðvist ekki vegna aflaviðmiðunar. Aðrar reglur verði óbreyttar.
26. Strandveiðifélagið KRÓKUR beinir því til stjórnvalda að hafna öllum hugmyndum um skerðingu línuvildunar. Þess í stað verði hún eflað og gildi fyrir alla dagróðrabáta.
27. Strandveiðifélagið KRÓKUR krefst þess að fallið verði frá kvótasetningu á makríl, þ.s. slíkt kerfi hefur beðið skipbrot.

28. Strandveiðifélagið KRÓKUR vill að byggðakvóti verði nýttur af dagróðrabátum og honum úthlutað við löndun sem ívilnun á kvóta.
29. Strandveiðifélagið KRÓKUR leggur til að við grásleppuveiðar megi notast við belgi í staðinn fyrir baujur við merkingu á gráslepputrossum, séu þeir rétt merktir. Rétt stærð af belg er ekki síðri en bauja.

Greinargerð

Sýnt hefur verið fram á að notkun netabauja á sumum veiðisvæðum hefur reynst illa vegna strauma og því hafa belgir verið notaðir með góðum árangri í áratugi.

30. Strandveiðifélagið KRÓKUR leggur til að heimilt verði að landa hvítlúðu utan VS-afla, enda sé ekki um beina sókn að ræða.

Elding

Aðalfundur Eldingar, félags smábátæigenda í Ísafjarðarsýslum, haldinn 20. september 2015, samþykkti eftirfarandi:

31. Skötuselur verði utan kvóta við grásleppuveiðar.
32. Handfæraívilnun verði komið á.
33. Þorskvótinn verði aukinn í 270 þúsund tonn.
34. Aukið verði við aflamark í ýsu strax á þessu fiskveiðiári í 50 þúsund tonn.
35. Aukið verði við aflamark í steinbít strax í 10 þúsund tonn.

36. Þeim aflaheimildum sem teknar voru af ýsu og steinbít úr línuívilnunarþottinum verði tafarlaust skilað til baka.
37. Elding krefst þess að strandveiðar verði leyfðar í 4 mánuði á hverju fiskveiðiári 4 daga í viku með sömu formerkjum og gilda í dag.

Strandir

*Aðalfundur Stranda, félags smábátæigenda í Strandasýslu,
haldinn 20. september 2015, samþykkti eftirfarandi:*

38. Aðalfundur Stranda mótmælir harðlega kvótasetningu á makríl og skorar á stjórnvöld að taka upp fyrra stjórnkerfi við veiðar smábáta á makríl.

Aðalfundur Stranda skorar á LS að kvika ekki frá kröfunni um 16% hlutdeild smábáta í útgefnum heildarafla.

39. Aðalfundur Stranda skorar á þingmenn NV-kjördæmis að beita sér fyrir auknum afla til strandveiða þannig að ekki komi til stöðvunar veiða í miðjum mánuði.

40. Aðalfundur Stranda mótmælir þeirri ákvörðun sjávarútvegsráðherra að framselja vald til ákvörðunar á heildarafla og þar með lífskjörum þjóðarinnar til Hafrannsóknastofnunar.

Fundurinn leggur áherslu á að við ákvörðun um heildarafla hvers fiskveiðiárs verði sjávarútvegsráðherra skylt að leita til óháðra aðila er varðar áreiðanleika og áhrifum á helstu markaði.

Skalli

*Aðalfundur Skalla, félags smábátæigenda á Norðurlandi vestra,
haldinn 23. september 2015, samþykkti eftirfarandi:*

41. Línuívilnun

Aðalfundur Skalla skorar á stjórnvöld að standa vörð um línuívilnun og hún nái til allra dagróðrabáta.

42. Byggðakvóti

Aðalfundur Skalla skorar á stjórnvöld að breyta fyrirkomulagi byggðakvóta þannig að hann verði eingöngu nýttur af dagróðrabátum.

Veiðiheimildum úthlutað til byggðarlaga með sama hætti og verið hefur. Þess skuli gætt að ekkert skip fái byggðakvóta sem hafi leigt meira frá sér heldur en það hefur tekið til sín miðað við síðasta fiskveiðiár.

43. Strandveiðar

Aðalfundur Skalla hvetur stjórnvöld að auka við aflaviðmiðun strandveiða í samræmi við aukinn þorskkvóta. Mikilvægt er að viðhalda þeim reglum sem verið hafa um strandveiðar þar sem heildaraflaviðmiðun verði rýmkuð svo ekki komi til stöðvunar eftir nokkra daga veiði.

Með heimild til að nýta fasta veiðidaga (mánudagur – fimmtudagur) í hverjum mánuði mundi heildarafli aukast lítillega en ávinningur yrði mikill er varðar jafnari dreifingu aflans innan hvers mánaðar.

Heimilt er að fara eina veiðiferð innan hvers sólarhrings. Trillukarlar búa við forréttindi að fá að fara á sjó.

44. Makrílveiðar

Aðalfundur Skalla skorar á stjórnvöld að aflétta öllum veiðitakmörkunum af færaveiðum smábáta á makríl.

Klettur

*Aðalfundur Kletts, félag smábátæigenda Ólafsfjörður - Tjörnes,
haldinn 4. október 2015, samþykkti eftirfarandi:*

Veiðiheimildir

45. Aðalfundur Kletts lýsir vonbrigðum með að ekki sé heimiluð meiri heildarveiði í þorski og skorar á stjórnvöld að færa aflareglu í fyrra horf. Hafrannsóknastofnun á ekki að hafa heimild til að ákveða einhliða aflareglu án umræðu og samráðs við stjórnvöld og atvinnugrein.
46. Aðalfundur Kletts skorar á ráðherra sjávarútvegsmála að hækka hlutdeild krókabáta í ýsu í 25% af heildarúthlutun sem er í samræmi við veiðar þeirra undanfarin ár.
47. Aðalfundur Kletts skorar á sjávarútvegsráðherra að skoða til hlítar þá aðferðafræði að úthluta veiðiheimildum til smábáta að hluta til í þorskígildum í stað kílóa í einstökum tegundum. Er þá átt við að menn gætu veitt ákveðinn hluta af sínum heimildum í ígildum talið.
48. Aðalfundur Kletts ítrekar fyrri ályktanir um að línuvílnun nái til allra dagróðrabáta og viðmiðunarfli í ýsu og steinbít verði tafarlaust færður til fyrra horfs.

Strandveiðar

49. Aðalfundur Kletts skorar á stjórnvöld og ráðherra að efla strandveiðar enn frekar og auka varanlega aflaviðmiðun til þessara veiða. Tryggja þarf að útgerðum verði gert kleift að velja um fjögurra mánaða samfellt strandveiðitímabil frá 1. apríl – 30. sept. Strandveiðar verði heimilar 4 daga í viku að vali hvers og eins allt veiðitímabilið.
50. Aðalfundur Kletts leggur til að hægt verði að segja sig úr strandveiðum um hver mánaðamót.

51. Aðalfundur Kletts leggur til að ólögmætur umframafli á strandveiðum dragist ekki frá sameiginlegum heildarpotti. Fari umframafli strandveiðibáts samtals yfir 500 kg á strandveiðitímabilinu, skal viðkomandi sæta viðurlögum.
52. Aðalfundur Kletts leggur til að eigendaákvæðið í strandveiðikerfinu verði felld út.
53. Strandveiðar verði ekki heimilar á mánudeginum eftir sjómannadag.
54. Strandveiðar verði ekki heimilar á fimmtudegi fyrir verslunarmannahelgi.

Makríll

55. Aðalfundur Kletts telur brýnt að auka möguleika smábáta í veiði á makríll og vega að einhverju leyti á móti rányrkju tegundarinnar með því að gefa krókaveiðar á makríll frjálssar á grunnslóð.

Stjórn fiskveiða

56. Aðalfundur Kletts fordæmir vinnubrögð stjórnvalda að færa ráðherra óheft völd hvernig úthlutað er til strandveiða, línuívilnunar og byggðakvóta. Þessi ráðstöfun er algerlega á skjön við heilbrigða og gegnsæja stjórnsýslu og til þess eins að leiða til sundrungar og spillingar.
57. Aðalfundur Kletts leggur til að óheimilt verði að stunda handfæraveiðar þar sem hlutfall undirmáls í þorski fer yfir 10% af þyngd. Þeir bátar sem ítrekað eru staðnir að slíku skuli sæta viðurlögum.

Grásleppa

58. Aðalfundur Kletts leggur til að upphafsdagur grásleppuveiða verði 10. - 20. mars á svæði **E** að því gefnu að verð liggja fyrir. Ákvörðun um veiðidaga verði í höndum LS og taki mið af markaðsaðstæðum.

59. Aðalfundur Kletts hafnar þeirri aðferðafræði sem Hafrannsóknastofnun beitir við stofnstærðarmælingar á grásleppu og þeirri ráðgjöf sem á henni er byggð.
60. Aðalfundur Kletts leggur til að stækkun grásleppuleyfa verði einungis gerð með sameiningu leyfa. Jafnframt verði skoðaðar leiðir til að sameina leyfi á báta, þannig að bátur geti stundað veiðar með fleiri en einu leyfi og mætt þannig kröfu um aukna hagræðingu.
61. Andri Viðar Víglundsson, Ólafsfirði er tilnefndur sem fulltrúi félagsins í grásleppunefnd. Varamaður Þórður Birgisson, Húsavík.

Fontur

Aðalfundur Fonts, félags smábátæigenda á Norðausturlandi, haldinn 25. september 2015, samþykkti eftirfarandi:

62. Aðalfundur Fonts hvetur LS til að beita sér fyrir breyttum reglum um strandveiðar þ.a. umframaflo einstakra sjóferða verði landað sem VS-afla og reiknist ekki til heildaraflaviðmiðunar.
63. Fontur leggur til að aflaviðmiðun á svæði C verði minnkuð í maí, en aukin í ágúst.
64. Fontur styður kröfu LS um að leggja af heildaraflaviðmiðun til strandveiða til að tryggja að ekki komi til veiðistöðvunar á þeim 4 mánuðum sem heimilt er að stunda strandveiðar.
65. Makrill – Aðalfundur Fonts krefst þess að núverandi úthlutun á makrill verði afnumin. Veiðiheimildir verði settar í pott og leigðar út af ríkinu eftir sömu aðferð og reynsla er komin á í síld.

66. Aðalfundur Fonts leggur til að andvirði grásleppuafla sem veiddur er eftir að úthlutuðum veiðidögum hvers báts lýkur renni í ríkissjóð og myndi ekki viðmiðun til byggðakvóta.
67. Aðalfundur Fonts leggur til að heimildir til rannsóknveiða verði boðnar út og standi að hámarki í 2 veiðidaga.
68. Aðalfundur Fonts leggur til að stjórnun grásleppuveiða verði með óbreyttum hætti og fjöldi veiðidaga taki mið af markaðsaðstæðum.
69. Aðalfundur Fonts leggur til að Verðlagsstofa skiptaverðs gefi út lágmarksverð á grásleppu náist ekki samningar um verð milli LS og kaupenda.
70. Aðalfundur Fonts skorar á sjávarútvegsráðherra að breyta lögum um stjórn fiskveiða þannig að krókaafلامarksbátum verði heimilt að veiða síld í beitu.

Tilnefningar um grásleppunefndarmenn 2015 – 2016

Grásleppunefnd LS 2014 – 2015:

Bæring Gunnarsson	Bolungarvík
Guðmundur Jónsson	Hafnarfirði
Hilmar Zophaniasson	Siglufirði
Kári Borgar Ásgrímsson	Borgarfirði eystra
Klemens Einarsson	Keflavík
Ólafur Sigurðsson	Árskógssandi
Valentínus Guðnason	Stykkishólmi

Tilnefningar 2015 – 2016 frá svæðisfélögum:

Frá Austurlandi	Kári Borgar Ásgrímsson, Borgarfirði eystra
Frá Fonti	Birgir Ingvarsson, Bakkafirði
Frá Kletti	Andri Viðar Víglundsson, Ólafsfirði Varamaður Þórður Birgisson, Húsavík
Frá Króki	Hafþór Jónsson, Patreksfirði
Frá Eldingu	Bæring Gunnarsson, Bolungarvík
Frá Reykjanesi	Haukur Einarsson, Reykjavík
Frá Reykjavík	Guðmundur Jónsson, Hafnarfirði
Frá Snæfelli	Valentínus Guðnason, Stykkishólmi
Frá Skalla	Hilmar Zophoníasson, Siglufirði
Frá Ströndum	Guðmundur R. Guðmundsson, Drangnesi